

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds

Þriðjudaginn 4. desember 2012 var aðalfundur Golfklúbbsins Odds haldinn í golfskálanum Urriðavelli. Fundurinn hófst kl. 20.00.

Ingi Þór Hermannsson, formaður bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður félagsins gerði tillögu um að Gunnar Viðar yrði kjörinn fundarstjóri og að Bragi Dór Hafþórsson yrði kjörinn til þess rita fundinn.

Fundarmenn samþykktu kosningu fundarstjóra og fundarritara með lófataki.

Gunnar tók við stjórn fundarins og lýsti fundinn lögmatan.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir liðsins starfsárs

Ingi Þór Hermannsson, formaður klúbbsins fór yfir skýrslu stjórnar. Í skýrslu stjórnar kom m.a. fram opnun vallarins í apríl hafi verið sögulega snemma og hann hafi ekki lokað fyrr en í október. Formaður upplýsti að tveir stjórnarmenn væru fjarverandi á fundinum og hefðu lögmat forföll. Þá kom fram að 1143 félagar eru í klúbbum og hafi meðlimum því fækkað um 20 frá fyrra ári. Nánar er fjallað um þetta í skýrslu stjórnar á bls. 25. Formaður tók fram að yngri flokka starf væri vaxandi hjá klúbbum en þó væru fáir ungir kylfingar miðað við aðra klúbba á höfuðborgarsvæðinu. Formaður upplýsti að gott væri að sjá hvernig skráningarkerfi hefði þróast hjá klúbbum og tók fram að það heyrði nú nánast sögunni til ef félagsmenn afbókuðu ekki rástíma. Formaður upplýsti að félagsmenn væru tiltölulega sáttir við félagsstarf og að æfingaaðstaða í Kaupþún sé nú orðin miðstöð félagsstarfs á veturna. Tók formaður fram að um það bil helmingur félagsmanna hafi nýtt sér æfingaaðstöðuna í Kaupþúni. Hefur nú verið settur upp nýr golfhermir og að auki hafi þúttgrín verið bætt.

Meistaramót klúbbsins var haldið í júlí. Þar hafi verið gerðar breytingar á keppnisfyrirkomlagi og forgjafarflokka. Upplýsti formaður að þátttakendum hafi fjölgað á hverju ári í meistaramóti klúbbsins sem væri vel. Þá fagnaði formaður því að góð mæting væri á fundum, t.d. nýliðakvöldum, reglufundum o.s.frv.

Formaður tok fram að kvennastarf félagsins væri eitt það blómlegasta á landinu og við skoðun þá kom í ljós að í Oddi væri hlutfallslega fleiri konur en í öðrum klúbbum. 36% meðlima væru konur en 29% að meðaltali innan félaga GSÍ á höfuðborgarsvæðinu en 28% á landinu öllu.

Formaður fjallaði stuttlega um mótamál og að mót hefðu verið í föstum skorðum og benti á að mótahald væri mikilvæg tekjulind fyrir klúbbin. Reynt væri að raða mótum niður eftir ákveðinni tölfræði, þ.e. að mót væru haldin þegar minnsta eftirspurnin væri eftir rástímum, þ.e. föstudagseftirmiðdögum. Benti formaður á að klúbburinn hafi vísað frá fyrirspernum um mótahald á síðastliðnu sumri.

Formaður fór yfir golfkennslu og upplýsti að í viðhorfskönnun hefði komið fram að fjórðungur svaranda hefðu nýtt sér kennslu hjá klúbbum. Væri vaxandi ánægja með starfið.

Varðandi æfingaaðstöðu taldi formaður að hún væri til fyrirmyndar, hvort sem um væri að ræða að sumri eða vetri. Formaður upplýsti að endurnýjun bolta í æfingvél stæði yfir.

Formaður fjallaði um barna og unglíngastarf og sagði að talsverð fjölgun hefði verið í því starfi. Um 40 krakkar hefðu verið að stunda æfingar hjá klúbbnum og 120 börn hefðu sótt námskeið sem haldin væri hjá klúbbnum í samstarfi við Garðabæ. Taldi formaður reyndar að erfitt væri að fjölga barna- og unglíngastarfi, aðallega vegna þess að það skorti samgöngur að vellinum. Talsvert var um að börn og unglíngar tækju þátt í meistaramóti félagsins og stæðu sig vel.

Varðandi afreksstarf upplýsti formaður að klúbburinn tæki þátt í starfi GSÍ en árangurinn hefði ekki staðið undir væntingum að undanskildri kvennasveit félagsins. Þátttaka hefði ekki verið góð og því þyrfti að endurskoða þetta starf félagsins.

Varðandi veitingarekstur í klúbbhúsi þá hefur PAR 3 séð um veitingasölu og um veitingasöluna ríkir mikil ánægja samkvæmt viðhorfskönnun. Væri um ánægjulegt samstarf að ræða.

Varðandi vallarmál þá nefndi formaður fyrst að gott gróðurreктarstarf væri á hverju ári og tók fram að landeigendur stæðu strauum að því. Gróðursettar væru um 2000 plöntur á hverju sumri. Hafi félagsmenn tekið þátt í þessari gróðursetningu og vel væri mætt á gróðurdaga. Formaður hvatti félagsmenn að taka þátt í starfi félagsins, m.a. við vorhreingerningar, mannvirkjastarf og vallarstarf.

Formaður taldi að einu stærsta máli klúbbsins hefði verið siglt í höfn nú í vor, þ.e. að auka vatnsmagn á vellinum. Væri nú búið að fá tengingu inn á Garðabæjaræðina og þrýstingur hefur aukist frá því þegar fyrst var. Formaður taldi að það að fá vatnið í vor hafi haft mjög mikið að segja varðandi gott útlit vallarins. Formaður benti þó á að álagsskemdir væru á sumum stöðum á vellinum, m.a. á 12 braut og svo við 4. og 5. braut. Upplýsti formaður að þarna væri mikil umferð og hætta fyrir kylfinga. Benti formaður á að vallarstjóri hefði haft hug á að búa til göngustíg vinstra megin við 4 holu. Formaður sagði að stjórn stefndi á að fara í þessa framkvæmd í vetur. Þá væru uppi hugmyndir um að reyna að tengja heitt vatn og skoða arðsemi af slíku verkefni. Varðandi framkvæmdir á vellinum hrósaði formaður vallarstarfsmönnum fyrir teig á 4 braut, stíg á 15 braut auk annarra verka, t.d. sandgryfjur við 12 braut og brautargryfju við 6. braut.

Formaður upplýsti að sömu vinavellir hefðu verið þetta sumar auk golfklúbbsins Glanna. Ekki væri þó nákvæm skráning um það hversu vel félagsmenn nýttu sér þá velli en formaður taldi að miðað við greiðslur þá væri svipuð þátttaka eins og fyrri ár.

Formaður benti á að reynt hafi á Emil og Tryggva varðandi aðhald í rekstri. Hafi það kallað á mikla útsjónarsemi og ættu þeir skilið mikið hrós fyrir rekstur félagsins. Taldi formaður upp helstu starfsmenn klúbbsins og þakkaði þeim góð störf í þágu klúbbsins.

Formaður upplýsti að stjórn hefði gætt að fjármálum klúbbsins og mikið hefði verið rætt innan stjórnar hvernig best væri að afla stuðnings fyrirtækja. Þakkaði formaður fyrirtækjunum Samskip, Avis og Samsung fyrir stuðninginn. Þá benti formaður á að Garðabær hefði tvöfaldað styrk sinn bæði til unglínga- og rekstrarstarfs. Klúbburinn hefur þó reynt að fá frekari styrki frá bænum enda væri lítil munur á starfi annarra íþróttagreina innan bæjarfélagsins og klúbbstarfi. Reynt verði að halda áfram að rétt hlut klúbbsins hvað þetta varði.

Rekstrarkostnaður klúbbsins mun aukast á næstu árum vegna þess að komið sé að endurnýjun tækja sem beðið hefur frá 2008. Þá hafi verið mikið aðhald í viðhaldi vallarins og þyldi það ekki mikið lengri bið. Taldi formaður að á næstu tveimur til þremur árum myndu útgjöld aukast talsvert. Væri búið að ræða við landeigendur og þeim tjáð að erfitt yrði að standa við gerða samninga. Þó væri á borðinu samkomulag um lækkun á leigugjaldi um 5 milljónir króna. Ekki væri þó búið að rita undir slíkan samning. Þyrfti þó að skoða slíkt til framtíðar. Upplýsti formaður að rekstrarafgangur myndi fara inn á eigið fé félagsins en benti á að gjaldkeri færi betur yfir þær tölur.

Formaður nefndi að stefnumótunarfundur hafi verið haldinn á árinu. Voru sex atriði sérstaklega dregin fram á fundinum. Formaður fór hratt yfir þessi mál og tók fram að það sem hefði verið sett á oddinn væri vetraraðstaða fyrir klúbbinn. Búið væri að ganga frá þeim málum og góð aðstaða væri fyrir hendi. Þá hafi vetrarspil aukist talsvert og er það vallastjóra að ákveða hvort 18 holur verði nýttar í vetur. Golf-fyrir-alla er fjölskyldu og afreksstefna og hefur þeirri stefnu verið vel fylgt eftir. Félagsstarf og félagsandi væri góður og félagsmenn almennt ánægðir. Varðandi reglur og umgjörð þá hefði verið rætt um skilvirkara eftirlit og betra aðgengi fyrir félagsmenn. Taldi formaður að vel væri unnið í þeim málum. Til framtíðar litið taldi formaður að gott væri að koma klúbbum upp í 27 holur en kostnaður yrði mikill við slíkar breytingar og það þyrfti að skoða vel hvort það myndi skila klúbbum auknum tekjum upp í þann kostnað.

Að endingu upplýsti formaður að unnið yrði áfram að stefnu klúbbsins og ekki myndi líða á löngu þar til gott væri að setjast niður á ný og skoða áframhaldandi starf.

Formaður tók fram að 20 ára afmæli klúbbsins væri á næsta ári og væri reiknað með að haldið yrði upp á það með tilheyrandi pompi og prakt. Formaður þakkaði öllum sem komið hafa að starfi klúbbsins á árinu.

3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar

Þorvaldur Þorsteinsson tók til máls og kynnti reikninga félagsins en þá má sjá nánar í ársskýslu. Er vísað til ársskýrslu hvað það varðar. Þorvaldur fjallaði um helstu tölur í ársreikningi og tók fram að aðeins hefði dregið úr fjölda félagsmanna og því væru tekjur vegna félagsmanna lægri en áætlað var. Þorvaldur fjallaði um að fallið hafi verið frá verðbótapætti vegna leigukostnaðar á vellinum og hafi munað um 1,5 mkr. vegna þessa. Þakkaði Þorvaldur eigendum samstarfið. Þorvaldur tók sérstaklega fram að talsvert aðhald hefði verið í rekstri klúbbsins á árinu. Benti gjaldkeri á að viðhaldskostnaður hefði hækkað og kæmi það til vegna þess að tæki væru orðin gömul og lúin og því væri slík hækkun viðbúin þar til keypt yrðu ný tæki.

Hagnaður rekstrar á tímabilinu hefði verið 2,6 milljónir sem færðust yfir í eigið fé.

Var upplýst á fundinum að á bls. 14 í skýrslu hefði talan 6 færst til og væri um að ræða „skýringu 6“ en ekki hluta fjárhæðar. Væri því um birgðir að fjárhæð rúmlega 1 milljón kr. en ekki 61 milljón.

Umráður um skýrslu stjórnar og ársreikning:

Engar umráður voru um skýrslu og var ársreikningur samþykktur samhljóða.

4. Umráður og atkvæðagreiðslur um tillögur og lagabreytingar löglega fram bornar

Guðmundína Ragnarsdóttir fór yfir nýjar reglur klúbbsins um heiðursveitingar GO. Guðmundína fjallað um 15. gr. laga félagsins um veitingu heiðursmerka og viðurkenninga. Var upplýst að ekki væru til neinar nánari reglur um þá veitingu, væri því tími til kominn til þess að setja slíkar reglur. Leggur stjórn fram tillögu á fundinum til samþykktar á slíkum reglum.

Engar umræður voru um framlagðar reglur.

Atkvæðagreiðsla:

Reglur um heiðursviðurkenningar Golfklúbbsins Odds voru samþykktar samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt

Emil tók til máls og kynnti fjárhagsáætlun og gjöld næsta árs. Fjallaði hann um að markmiðið væri að viðhalda gæðum vallarins. Lítið yrði af fjárfestingum og ekki væri ráðist í stórar framkvæmdir. Áhersla yrði á viðhaldsverkefni sem sinnt væri frá degi til dags. Emil benti á að samstarfið við Oddfellowa hafi farið batnandi. Væri tilboð á borðinu og taldi Emil að það tilboð myndi halda. Þá benti Emil á mikilvægi þess að halda góðu samstarfi við Garðabæ, bæði hvað varðar unglिंगastarf sem og að fá starfsmenn frá Garðabæ til að huga að vellinum. Síðast en ekki síst væri áframhaldandi uppbygging á samstarfi við fyrirtæki og félög. Þá benti Emil á að veðurfar skipti miklu máli og tíðin hefði verið góð undanfarin sumar.

Gert er ráð fyrir að innheimta félagsgjöld að fjárhæð 91 mkr. Emil fór yfir tillögu til félagsgjalda næsta árs. Þá fór hann yfir helstu tekjuliði klúbbsins, en rekstrartekjur væru áætlaðar um 149 mkr. Emil fór yfir áætlun um rekstrargjöld næsta árs og benti m.a. á að helsti kostnaður varðandi viðhald vallarins væri áburður og fræ. Emil benti á að viðhaldskostnaður væri að aukast, enda um eldri tæki að ræða. Áætlun um rekstrargjöld næmi kr. 148 m.kr. Þannig væri gert ráð fyrir um einni milljón í afgang.

Emil fór yfir tillögu að félagsgjöldum:

14 og yngri	kr. 27.900	hækkun 900 kr.
15 til 19 ára	kr. 42.500	hækkun 1.000 kr.
20 til 66 ára	kr. 89.900	hækkun 1.900 kr.
67 ára og eldri	kr. 61.500	hækkun 1.900 kr.

Spurt var á fundinum hvernig því væri háttað ef félagsmaður yrði 67 ára á árinu. Emil upplýsti að þeir sem yrðu 67 ára t.d. í september greiddu fullt árgjald en þeir sem væru fæddir fyrr myndu greiða árgjald fyrir 67 ára og eldri.

Tillaga um félagsgjöld lögð fram á fundinum og var tillagan samþykkt samhljóða.

Emil upplýsti ákveðið hafi verið að inntökugjald yrði að hámarki 25.000 kr. árið 2010. Gjald hafi hinsvegar verið 10.000 kr. fyrir nýliðið starfsár.

Þá er lögð fram tillaga um að inntökugjald verði hækkað um 2000 kr. í 12.000 kr. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Kosning stjórnar- og varamanna í stjórn

Fundarstjóri upplýsti að uppstillingarnefnd legði til að breyting yrði á varamanni en aðrar breytingar yrðu ekki á stjórn félagsins.

Tillaga um Ágústu Örnú Grétarsdóttur sem varamann stjórnar. Var hún kosin með dynjandi lófataki ásamt öðrum stjórnarmönnum.

7. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara

Uppstillingarnefnd lagði til sömu skoðunarmenn og á fyrra ári – voru þau réttkjörin með lófataki á fundinum.

8. Önnur mál

Örn Jónsson tók til máls og kynnti sig sem Oddfellowa. Nefndi hann að hann hefði komið að stofnun félagsins fyrir hart nær 20 árum síðan. Var það gert í upphafi til þess að félagsmenn gætu tekið þátt í opnum mótum á Íslandi. Voru þrír aðilar kosnir til þess að ræða við GSÍ til þess að stofna GO. Örn vildi óska stjórn til hamingju með hvernig staðið hafi verið að rekstri klúbbsins auk þess að vallarstarfsmenn hafi staðið sig frábærlega. Gott samstarf væri milli félagsmanna og starfsmanna. Örn tók fram að umgengni við völlinn væri mjög góð og að gestir vallarins hefðu haft orð á þessu sérstaklega.

Daníel Þórarinsson tók til máls og vildi spyrja hvort það stæði til að hafa serstakt hjónagjald í framtíðinni. Var upplýst að það stæði ekki til í nánustu framtíð.

Óskar Sigurðsson tók til máls og kynnti sig sem fyrsta formann klúbbsins. Upplýsti hann að talað hefði verið við Frímann heitinn sem hefði ráðlagt klúbbum að færa golfklúbb Oddfellowa inn í GSÍ. Voru Oddfellowar þó ekki sammála um að nafn félagsskaparins væri innan þeirra vébanda og því skynsamlegra að stofnaður yrði sér klúbbur með öðru nafni. Tók hann fram að hann væri mjög stoltur að hafa verið í fararbroddi við stofnun klúbbsins og að völlurinn væri frábær. Um væri að ræða frábært svæði og að reksturinn hefði verið með ágætum. Þakkaði hann stjórn klúbbsins sérstaklega.

Ingi Þór tók til máls að nýju og vildi fyrir hönd stjórnar þakka það traust sem stjórn hefur verið sýnd auk hlýrra orða í þeirra garð. Ingi upplýsti að hjónagjöld hefði verið í klúbbum á árum áður og taldi Ingi að klúbburinn bæri ekki að vera með frekari afsláttargjöld. Hjónagjald væri ekki þekkt á höfuðborgarsvæðinu og væri einna helst í klúbbum á landsbyggðinni. Þakkaði Ingi samstarfið við félagsmenn.

Fundi var í framhaldinu slitið kl. 21:40.